



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

21. júní 2021

Mál nr. E-7989/2020:

Stefnandi: Hróbjartur Jónatansson
(*Jón Þór Ólason lögmaður*)

Stefndi: Íslenska ríkið
(*Einar Karl Hallvarðsson lögmaður*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 2021 í máli nr. E-7989/2020:

Hróbjartur Jónatansson

(Jón Þór Ólason lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 25. maí sl., var höfðað 24. nóvember 2020.

Stefnandi er Hróbjartur Jónatansson, [...].

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert með dómi að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 2.062.674 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. maí 2019 til 24. júlí 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla, sbr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar en til vara þess að málskostnaður verði felldur niður.

I

Málsatvik eru ágreiningslaus. Stefnandi er sjóðfélagi í Frjálsa lífeyrissjóðnum. Með réttarbeiðni, sem móttekin var 27. ágúst 2018 í Héraðsdómi Reykjavíkur, krafðist stefnandi þess að lífeyrissjóðnum yrði gert að afhenda stefnanda tiltekin gögn, sem tilgreind voru í sex töluliðum, á grundvelli XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lífeyrissjóðurinn krafðist þess að kröfu stefnanda yrði hafnað. Kröfu stefnanda var vísað frá dómi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2019. Var niðurstaðan meðal annars rökstudd með vísan til þess að hluti krafna stefnanda varðaði einnig tiltekinn lögaðila án þess að honum hefði verið gefinn kostur á að taka til varna í málinu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Síðar í úrskurðinum sagði einnig að dómurinn teldi að öllu framangreindu virtu að stefnandi hefði ekki í málalíbúnaði sínum fært viðhlítandi rök fyrir því að skilyrðum væri fullnægt til að beita undantekningarheimild 2. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 til sönnunarfærslu fyrir dómi án þess að mál hefði verið höfðað.

Stefnandi kærði úrskurð héraðsdóms til Landsréttar. Fyrir réttinum krafðist stefnandi þess að hinn kærði úrskurður yrði felldur úr gildi. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti. Lífeyrissjóðurinn krafðist aftur á móti staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærnumálskostnaðar. Með úrskurði 2. maí 2019 í

máli nr. 191/2019 hafnaði Landsréttur kröfu stefnanda um að lífeyrissjóðnum yrði gert að afhenda honum tilgreind gögn og gerði stefnanda að greiða lífeyrissjóðnum 350.000 krónur í málskostnað. Í úrskurði Landsréttar er rakið að stefnandi hafi dregið úr kröfugerð sinni hvað varðar afhendingu hluta þeirra gagna sem upphafleg kröfugerð hans sneri að. Fram kemur í niðurstöðukafla úrskurðarins að samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 91/1991 skuli öflun sönnunargagna að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fari með málið. Ákvæði 2. mgr. 77. gr. laganna feli í sér undantekningu frá þeirri meginreglu. Um öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna undir rekstri máls fari annars eftir ákvæðum X. kafla laganna, þar með talið um gögn sem aðili hafi ekki í vörslum sínum. Því næst segir að fyrir liggi að á heimasíðu lífeyrissjóðsins hafi nú verið birtur samningur um rekstur og eignastýringu við Arion banka hf., sbr. 1. tölulið kröfugerðar stefnanda. Þá verði ráðið af gögnum málsins að tölulegar upplýsingar liggi fyrir um fjárfestingu sjóðsins sem stefnandi telji tjón sitt hafa hlotist af. Hafi hann ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að þau gögn sem hann krefjist að fá afhent geti ráðið niðurstöðu um hvort mál verði höfðað, sbr. síðari málslið 2. mgr. 78. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt framangreindu beri að hafna kröfum hans.

Með ákvörðun Hæstaréttar 2019-172 hinn 24. maí 2019 hafnaði rétturinn beiðni stefnanda um kæruleyfi þar sem kærueimild væri ekki til að dreifa.

Stefnandi sendi stefnda bréf, dags. 23. júní 2019, og krafðist viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna málsins.

Stefndi hafnaði þeirri kröfu stefnanda með bréfi, dags. 8. október 2019.

Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnandi byggir á því að embættisathafnir þriggja dómara við Landsrétt í fyrrgreindum úrskurði réttarins hafi bersýnilega brotið gegn 111. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 163. gr. sömu laga, enda hafi hér ekki verið um að ræða atriði sem réttinum hafi borið að gæta að af sjálfsdáðum. Farið hafi verið út fyrir kröfur málsaðila og efnisleg afstaða tekin til dómkrafna sem stefnandi hafi haft uppi í héraði og ekki hafi hlotið efnislega meðferð þar. Þetta hafi valdið stefnanda tjóni sem hann eigi rétt á að fá bætt úr hendi stefnda, sbr. hina almennu skaðabótareglu og 53. gr. dómstólalaga nr. 50/2016.

Stefnandi hafi orðið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni sökum athafna þeirra dómara sem sátu í dómi í umræddu máli, enda hafi stefnandi verið dæmdur til að greiða 350.000 krónur í málskostnað til viðbótar við eigin málskostnað, þ.m.t. greiðslu kærugjalds.

Bótaábyrgð samkvæmt 53. gr. laga nr. 50/2016 ráðist af almennum reglum, þar með talið sakarreglunni. Öll skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt í þessu máli. Dómarnir hafi viðhaft fyrrgreinda háttsemi sína annað hvort af ásetningi eða af

stórkostlegu gáleysi. Háttsemi þeirra geti ekki talist óhappatilvik og því sé skilyrðinu um saknæmi og ólögmæti fullnægt.

Orsakatengsl séu milli tjóns stefnanda og hinnar bótaskyldu háttsemi. Þá teljist tjón stefnanda sennileg afleiðing af embættisathöfnum dómara þriggja. Stefnandi hafi þurft að leita kæruleyfis hjá Hæstarétti og bera fram kröfu til endurupptökunefndar. Bótaskylda stefnda ná til alls tjóns sem leiði af því að málatilbúnaður stefnanda hafi ónýst honum vegna saknæmrar og ólögmætrar meðferðar Landsréttar á máli stefnanda auk beins útlagðs kostnaðar sem leitt hafi af hinum saknæma og ólögmæta úrskurði Landsréttar.

Stefnufjárhæðin nemi hinu beina fjárhagslega tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir. Í fyrsta lagi hafi stefnandi lagt út kærugjald til Landsréttar að fjárhæð 65.000 krónur. Í öðru lagi hafi stefnandi verið dæmdur til að greiða gagnaðila 350.000 krónur í kærumálskostnað. Í þriðja lagi hafi stefnanda ekki nýst sú vinna sem lögð hafi verið í kæruférlitil Landsréttar. Í fjórða lagi hafi stefnandi verið knúinn til þess að óska eftir kæruleyfi til Hæstaréttar, greiða kærugjald og leggja fram kæru og gögn þar til að freista þess að fá snúið úrskurði Landsréttar. Að synjun fenginni um kæruleyfi hafi stefnandi verið knúinn til að óska eftir endurupptöku málsins. Krafan sundurliðist með eftirgreindum hætti:

Kærugjald til Landsréttar	kr.	65.000
Lögmanskostnaður við kæruférlitil Landsréttar, kæruleyfi til Hæstaréttar og beiðni til endurupptökunefndar	kr.	1.276.350
virðisaukaskattur 25% af lögmanskostnaði	kr.	306.324
Kærugjald til Hæstaréttar	kr.	65.000
Dæmdur málskostnaður til varnaraðila skv. máli 191/2019	kr.	350.000
Alls	kr.	2.062.674

Krafist sé vaxta samkvæmt 8. gr. laga 38/2001 frá uppkvaðningu úrskurðar í Landsréttarmáli nr. 191/2019 og dráttarvaxta samkvæmt III kafla, sbr. 6 gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001, frá 24. júlí 2019 en þá hafi verið liðinn mánuður frá því að ríkislögmaður hafi fengið kröfubréf stefnanda.

III

Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og byggir á því að úrlausn Landsréttar í umræddu máli hafi verið í samræmi við lög. Ekkert í málatilbúnaði stefnanda leiði í ljós eða bendi til þess að dómarnir hafi sýnt af sér nokkra þá háttsemi sem talist geti saknæm og þannig orðið grundvöllur skaðabótaskyldu íslenska ríkisins samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 50/2016. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda.

Með vísan til sérstaks eðlis dómstarfa, sjálfstæðis dómara og lögmætra krafna um réttaröryggi komi ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 50/2016 aðallega til álita þegar athafnir dómara eða athafnaleyfi varði meðferð mála, svo sem ef ómerking úrlausnar vegna saknæmra mistaka við meðferð máls fyrir héraði valdi óþarfa kostnaði fyrir málsaðila eða þegar tilefnislaus dráttur verði á málsmeðferð af völdum dómara og sá dráttur leiði til tjóns.

Til þess að komið geti til bótaábyrgðar stefnda vegna dómsúrlausnar verði a.m.k. að gera kröfu um ásetning eða vítavert gáleysi dómara. Það myndi enda valda réttaróvissu og skapa óeðlilegan þrýsting á dómara að geta stöðugt átt von á að höfðað yrði bótamál vegna þess tjóns sem úrlausnir dómara kunni að valda þeim sem lúti í lægra haldi í dómsmálum eða sé dómsúrlausnum snúið við á æðri dómstigum. Þannig geti það, eðli máls samkvæmt, ekki einu sinni verið nægjanlegt til að til bótaskyldu ríkisins komi að dómari hafi beitt lögum ranglega eða leyst úr máli með röngum hætti. Ákvæðinu sé ætlað að vera einhvers konar varnagli til að bregðast við þeirri stöðu þegar dómari af ásetningi eða með vítaverðu gáleysi valdi málsaðila tjóni með háttsemi sinni.

Úrlausn Landsréttar hafi byggt á ígrundaðri afstöðu til þess hvernig beri að túlka ákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991. Í dómaframkvæmd hafi beiðnum á grundvelli ákvæðisins jafnan verið synjað en ekki vísað frá hafi skilyrði ákvæðisins ekki verið talin uppfyllt. Þá megi í dómaframkvæmd finna fleiri dæmi um að Landsréttur hafi leiðrétt kröfugerð í kærumáli þar sem beiðni á grundvelli 2. mgr. 77. gr. hafi verið vísað frá í héraði. Af dómaframkvæmd leiði að réttara sé að túlka ákvæði 2. mgr. 77. gr. á þann hátt að synja beri aðilum um sönnunarfærslu samkvæmt ákvæðinu, sé sýnt að skilyrði þess séu ekki uppfyllt, í stað þess að vísa máli frá. Þannig verði að líta svo á að dómara í Landsrétti hafi aðlagð kröfugerð stefnanda að þessum sjónarmiðum í úrskurði sínum í máli nr. 191/2019. Geti slík lagatúlkun á engan hátt talist fela í sér saknæma háttsemi dómara samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 50/2016.

Að lokum sé á því byggt að jafnvel þótt fallist yrði á það að sök dómara hafi verið fyrir hendi í málinu hafi stefnanda ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli háttsemi dómara og fjárhagslegs tjóns. Ef dómara Landsréttar hefðu úrskurðað um gildi hins kærða frávísunarúrskurðar, eins og stefnandi haldi fram að væri lögfræðilega réttara, sé ekkert sem bendi til þess að niðurstaðan hefði orðið stefnanda í hag. Það sé því allsendis óvíst hvort stefnandi hefði, eftir sem áður, þurft að standa straum af kærumálskostnaði og öðrum kostnaði vegna málarekstursins. Tjón stefnanda sé þannig ósannað.

Fjárkröfu stefnanda sé mótmælt sérstaklega. Samanstandi hún af nokkrum liðum, svo sem réttargjöldum og málskostnaði sem óhjákvæmilegt sé að greiða við málaferli hver sem niðurstaða verði og óvíst sé um hvort fáiist til baka í formi málskostnaðar. Allt eins sé unnt að gera ráð fyrir að málskostnaður, að meðtöldum

öðrum gjöldum, hefði verið látinn niður falla og aðilar þar með látnir bera hann sjálfir þótt niðurstaðan hefði orðið önnur, jafnvel stefnanda í hag. Þá sé á það bent að stefnandi hafi flutt mál sitt sjálfur, en hann hafi málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Hvergi komi fram eða sé sannað að hann hafi gjaldfært málflutningsþóknun í bókhaldi sínu eða orðið af tekjum vegna þessa eigin málareksturs, þótt tímaskýrsla sé lögð fram. Hvað sem öðru líði hafi dæmdur málskostnaður, sem stefnanda hafi verið gert að greiða, verið ákveðinn í samræmi við rétta niðurstöðu máls og að lögum.

Því sé loks mótmælt að sérákvæði laga nr. 50/2016 eða almenna skaðabótaareglan styðji kröfur stefnanda, enda hvergi fyrir að fara saknæmri og ólögmatrí háttsemi. Þá sé skilyrði um orsakasamband eða sennilega afleiðingu ekki uppfyllt og tjón ósannað.

IV

Málsatvik eru ágreiningslaus. Stefnandi byggir á því að úrskurður Landsréttar í máli nr. 191/2019 hafi verið andstæður lögum þar sem farið hafi verið út fyrir kröfur aðila, sbr. 111. gr. laga nr. 91/1991. Þetta hafi valdið stefnanda tjóni sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Þessu mótmælir stefndi og byggir á því að úrskurður Landsréttar hafi verið í samræmi við lög.

Í XII. kafla laga nr. 91/1991 er fjallað um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laganna er aðila heimilt að leita sönnunar um atvik fyrir dómi með öflun skjals eða annars sýnilegs sönnunargagns þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu í tengslum við atvikið í dómsmáli, enda sé hætta á að kostur fari forgörðum á því að afla sönnunar um atvik sem varði lögvarða hagsmuni aðilans eða að það verði verulega erfiðara síðar. Einnig er kveðið á um það að aðila sé með sama hætti heimilt að leita sönnunar fyrir dómi um atvik sem varði lögvarða hagsmuni hans og geti ráðið niðurstöðu um hvort hann láti verða af málshöfðun vegna þeirra.

Um málsmeðferð er fjallað í 78. gr. laga nr. 91/1991, en í 2. mgr. þeirrar greinar segir að í beiðni til héraðsdóms skuli greina skýrt frá því atviki sem aðili vill leita sönnunar um, hvornig hann vilji að það verði gert, hver réttindi séu í húfi og hverja aðra sönnunin varði að lögum. Sé sönnunar leitað samkvæmt 2. mgr. 77. gr. skuli rökstutt hvers vegna sönnunarfærsla þoli ekki bið eða geti ráðið niðurstöðu um hvort mál verði síðar höfðað. Í 3. mgr. 78. gr. segir síðan að dómari meti af sjálfsdáðum hvort skilyrði séu til að fallast á beiðni. Ef hann telur að svo sé ekki eða ágreiningur rís um það skuli hann kveða upp úrskurð þar um. Af þessu ákvæði verður þannig ráðið að beiðnir samkvæmt 2. mgr. 77. gr. lúti ekki málsforræði aðila í sama mæli og almennt á við.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 má dómari ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum eða úrskurði nema um atriði sé að ræða sem honum ber að gæta af

sjálfsdáðum. Af 2. málslið 1. mgr. 163. gr. sömu laga verður ráðið að ákvæði 111. gr. verður einnig beitt um dómsúrlausnir Landsréttar.

Eins og áður segir hafði stefnandi uppi þær dómkröfur fyrir Landsrétti að hinn kærði úrskurður héraðsdóms yrði ómerktur, en fyrrnefndur lífeyrissjóður krafðist staðfestingar úrskurðarins. Í úrskurðarorði Landsréttar var aftur á móti tekin efnisleg afstaða til beiðni stefnanda um gagnaöflun og henni hafnað með úrskurði. Ekki er þó þar með sagt að úrskurður Landsréttar hafi brotið í bága við 111. gr. laga nr. 91/1991, enda kemur þá til skoðunar hvort Landsrétti hafi verið rétt að líta svo á að aðlaga mætti kröfugerð stefnanda á þeim grundvelli að hér væri um að ræða atriði sem réttinum bæri að gæta af sjálfsdáðum, rétt eins og stefndi byggir á að heimilt hafi verið. Þess skal getið í þessu samhengi að hafna ber þeirri staðhæfingu lögmanns stefnanda við málflutning að þar sé á ferð síðbúin málsástæða, enda var hennar skilmerkilega getið í greinargerð stefnda.

Hvað þessa málsástæðu varðar þá verður að líta þess að í hinum kærða úrskurði héraðsdóms var í senn að finna umfjöllun um formannmarka á málatilbúnaði stefnanda og efnislega umfjöllun um kröfu hans. Nánar tiltekið er vísað þar til þess að hluti krafna stefnanda varði einnig tiltekinn lögaðila án þess að honum hafi verið gefinn kostur á að taka til varna í málinu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Síðar í úrskurðinum segir aftur á móti að dómurinn telji að öllu framangreindu virtu að stefnandi hafi ekki í málatilbúnaði sínum fært viðhlítandi rök fyrir því að skilyrðum sé fullnægt til að beita undantekningarheimild 2. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 til sönnunarfærslu fyrir dómi án þess að mál hafi verið höfðað, sbr. síðari málslið 2. mgr. 78. gr. sömu laga. Þess skal getið að hin síðarnefndu ummæli héraðsdóms eru í grundvallaratriðum sömu efnislegu rök og Landsréttur studdist við þegar hann hafnaði síðar í heild sinni beiðni stefnanda um afhendingu gagna.

Í þessu fólst í reynd að héraðsdómur hafði að þó nokkru leyti fært fram efnisleg rök fyrir synjun á kröfu stefnanda jafnvel þótt úrskurðarorð hins kærða úrskurðar hafi verið um frávísun málsins. Þegar héraðsdómur vísar frá dómi beiðni um öflun sönnunargagna samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 við slíkar aðstæður, í stað þess að hafna henni, verður ráðið af dómaframkvæmd að Landsrétti sé rétt við kærumeðferð að aðlaga kröfugerð málsaðila og taka efnislega afstöðu til beiðninnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 14. maí 2020 í máli nr. 193/2020 og fyrrnefnt ákvæði 3. mgr. 78. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður að mati dómsins að fallast á það með stefnda að Landsrétti hafi, eins og atvikum var háttað, verið heimilt að aðlaga kröfugerð stefnanda í máli nr. 191/2019 af sjálfsdáðum með vísan til 1. mgr. 111. gr., sbr. 1. mgr. 163. gr., laga nr. 91/1991 eins og raun bar vitni. Er því ekki unnt að líta svo á að sú niðurstaða réttarins hafi farið í bága við 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991. Að þessu virtu

verður að hafna þeim málatilbúnaði stefnanda að fyrir hendi sé saknæm og ólögmæt háttsemi af hálfu þeirra dómara Landsréttar sem lögðu úrskurð á fyrrgreint mál stefnanda. Þar með teljast ekki uppfyllt skilyrði skaðabótaskyldu samkvæmt 1. málslíð 2. mgr. 53. gr. laga nr. 50/2016. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jón Þór Ólason lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Einar Karl Hallvarðsson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Hróbjarts Jónatanssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Arnaldur Hjartarson